

Fimmtudaginn 20. febrúar 1997.

Nr. 233/1996.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn

Ara Halldórssyni

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Björgvin Bjarnasyni

(Hróbjartur Jónatansson hrl.) og

Ingimar Halldórssyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Fiskveiðar. Veðiheimildir. Erlend fjárfesting. Ákæra. Bókhalds-
brot. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson.

Málinu hefur verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 5. júní 1996 að ósk ákærða Ara Halldórssonar, sem skírskotar um tilgang áfrýjunar til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994. Einnig er áfrýjað af hálfu ákærvaldsins, að því er varðar hann og ákærðu Björgvin Bjarnason og Ingimar Halldórsson. Vegna tveggja annarra ákærðra, sem málið náði til, er ekki áfrýjað.

Ákærvaldið krefst þess, að ákærði Ari verði sakfelldur vegna allra sakargifta samkvæmt ákæru 20. febrúar 1996 og refsing þyngd frá hinum áfrýjaða dómi. Um ákærða Björgvin er þess aðallega krafist, að hann verði sakfelldur og dæmdur til refsingar vegna sakarefna samkvæmt A- og B-lið I. kafla ákæru 5. desember 1995, sbr. 1. mgr. V. kafla þeirrar ákæru. Gagnvart ákærða Ingimar krefst ákærvaldið þess aðallega, að hann verði sakfelldur og dæmdur til refsingar vegna sakarefna í III. kafla ákæru 5. desember 1995, sbr. 3. mgr. V. kafla hennar.

Um ákærðu Björgvin og Ingimar er þess krafist til vara af hálfu ákærvaldsins, að ákvörðun héraðsdóms um frávísun á tilteknum sakargiftum á hendur þeim í ákærunni 5. desember 1995 verði

ómerkt og málinu vísað heim að þessu leyti til dómsmeðferðar um þau efni.

Ákærði Ari krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Til vara krefst hann þess, að refsing verði felld niður á grundvelli 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til þrautavara verði refsingu stillt í hóf og henni frestað skilorðsbundið.

Ákærði Björgvin krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti í heild sinni. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er sig varði. Til þrautavara fer hann fram á, að ákvörðun refsingar á hendur sér verði frestað skilorðsbundið, en refsing ella ákveðin svo væg sem lög leyfi og fullnustu þá frestað skilorðsbundið.

Ákærði Ingimar krefst aðallega staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, að því er sig varði. Til vara krefst hann þess, að málinu verði vísað heim til meðferðar og dómsálagningar, að því er taki til þeirra sakarefna, er vísað var frá héraðsdómi, verði þeirri frávísun hnekkkt að kröfu ákæruvaldsins, en dómurinn þá staðfestur að öðru leyti. Til þrautavara krefst hann þess, að ákvörðun refsingar á hendur sér verði frestað skilorðsbundið, en refsing að öðrum kosti ákveðin svo væg sem lög leyfi og skilorðsbundin.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Krafa ákærða Björgvins Bjarnasonar um frávísun málsins frá Hæstarétti er á því reist, að áfrýjunarstefna hafi verið birt honum fimm dögum eftir, að lögmæltur átta vikna frestur til áfrýjunar af hálfu ákæruvaldsins samkvæmt fyrri málslið 152. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 12. gr. laga nr. 37/1994, rann út 7. júní 1996. Ríkissaksóknari gaf stefnuna út innan frestsins, svo sem áskilið er í þessu lagaákvæði, og var birtingin í eðlilegu samhengi við þá útgáfu. Eru engin efni til að fallast á þessa kröfu.

II.

Af hálfu ákæruvaldsins er hér krafist efnisdóms um tiltekna þætti ákærunnar 5. desember 1995, sem vísað var frá héraðsdómi. Eru það sakargiftir á hendur ákærða Björgvin Bjarnasyni samkvæmt

síðari hluta A-liðar I. kafla, sbr. 1. mgr. V. kafla, fyrir brot gegn lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og á hendur ákærða Ingimar Halldórssyni samkvæmt fyrri hluta III. kafla, sbr. 3. mgr. V. kafla, fyrir brot gegn síðarnefndu lögnum. Jafnframt varðaði frávísunin þátt ákærða Ara Halldórssonar í þessum sakarefnum. Á það ber að fallast með dómendum í héraði, að tilgreining þessara sakargifta í ákæruskjali hafi verið ófullnægjandi, þar sem í heimfærslukafla skjalsins var ekki skírskotað til efnisákvæða í umræddum lögum, heldur aðeins til hinna almennu viðurlagaákvæða þeirra. Aðstaðan var að vísu sú, að einungis fá efnisákvæði hvorra laga komu til álita eftir verknaðarlýsingum ákæruskjalsins og þau ákvæði síðarnefndu laganna, sem ákæruvaldið byggir einkum á, voru greind í lýsingu I. kafla skjalsins, er varðaði ákærða Björgvin. Eigi að síður var ákæruhátturinn til þess fallinn, að vörn gæti orðið áfátt, og fyrir liggur, að sakargiftirnar hlutu ekki efnismeðferð fyrir héraðsdómi hans vegna. Að þessu og öðru athuguðu þykir ekki rétt að raska því mati dómenda, að þessir þættir ákærunnar eigi að sæta frávísun.

Auk þess að benda á þann ágalla, sem hér var ræddur, hefur ákærði Björgvin haldið því fram með skírskotun til 119. gr. laga um meðferð opinberra mála, að rannsókn á málinu og meðferð þess af hálfu ákæruvaldsins sé áfátt í verulegum atriðum, þannig, að við eigi að vísa því frá héraðsdómi án kröfu. Á þetta verður ekki fallist.

III.

Eins og rakið er í báðum ákæruskjölum og hinum áfrýjaða dómi, eru sakarefni í máli þessu risin af atvikum á fyrra helmingi ársins 1995, sem varða ráðstöfun á tilteknu aflamarki togarans Dagrúnar, ÍS-9, frá Bolungarvík til fiskiskipa utan byggðarlagsins og vinnslu á afla, sem lagður væri á land frá þeim. Togarinn var þá í eigu Útgerðarfélagsins Ósvarar hf. í Bolungarvík.

Ákærði Björgvin Bjarnason var framkvæmdastjóri þessa hlutafélags og bar ábyrgð á úthaldi skipa þess og öðru, er laut að venjulegum rekstri. Í B-lið I. kafla ákæru 5. desember 1995, sbr. 1. mgr. V. kafla, er honum gefið að sök að hafa misnotað aðstöðu sína sem framkvæmdastjóri með því að ákveða framsal á aflamarki frá Dagrúnu, ÍS-9, sem fram fór samkvæmt umsóknum á vegum félagsins til

Fiskistofu 28. mars og 6. apríl 1995. Varðaði fyrri umsóknin samtals 234 tonn af þremur fisktegundum, en hin síðari 660 tonn af fimm tegundum. Eru ákvarðanir ákærða taldar hafa brotið gegn stjórnar-samþykkt í félaginu og varða við 249. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrir lá á þessum tíma, að togarinn yrði frá veiðum marga mánuði vegna vélarbilunar í janúar 1995 og gagngerra breytinga á honum, sem ákveðnar voru í framhaldi hennar. Er sannað í málinu, að stjórn félagsins hafi á fundi í sama mánuði tekið þá ákvörðun, að leigja skyldi aflamark frá skipinu á yfirstandandi fiskveiðiári fyrir allt að 30 milljónir króna, meðal annars til að fjármagna þessar breytingar. Jafnframt er nægilega fram komið, að drög að þeim framsölum, sem fyrrgreindar umsóknir tóku til, hafi verið lögð, nokkru áður en þær voru sendar. Þá varð framkvæmdastjórinn ekki bundinn af tilmælum til félagsins frá einstökum hluthafa, áður en stjórn félagsins hefði um þau fjallað. Með skírskotun til þessa ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu ákærða Björgvins af þessu ákæruefni.

IV.

Eins og fram kemur í ákæruskjali og hinum áfrýjaða dómi, var sá háttur á hafður um það aflamark Dagrúnar, ÍS-9, sem ráðstafað var samkvæmt umsókn til Fiskistofu 6. apríl 1995, að það var í fyrstu flutt yfir á togarann Bessa, ÍS-410, frá Súðavík í eigu Álftfirðings hf. þar á staðnum, en framkvæmdastjóri þess hlutafélags var ákærði Ingimar Halldórsson. Um var að ræða heimildir fyrir 160 tonnum af karfa og samtals 500 tonnum af fjórum öðrum fisktegundum. Óumdeilt er, að þessi flutningur hafi verið ætlaður til bráðabirgða, þannig, að aflamarkið yrði síðar fært yfir á önnur skip. Svo fór, að aflamarkið í karfa var nýtt á skipinu sjálfu, en umrædd 500 tonn af öðrum tegundum voru fyrst flutt yfir á annað skip í eigu Álftfirðings hf., m/s Haffara, ÍS-430, en síðan af því skipi yfir á m/s Hrungni, GK-50, er var í eigu Vísis hf. í Grindavík, sem flutti heimildirnar síðar yfir til annarra skipa. Um flutninginn milli Bessa og Haffara segir ákærði Ingimar, að hann hafi einungis orðið af tæknilegum ástæðum, þar sem skráning aflamarksins á Bessa hefði getað bundið aðra ráðstöfun aflamarks vegna skipsins, eins og reglum um stjórn fiskveiða var þá háttað.

Í fyrri hluta A-liðar I. kafla ákæru 5. desember 1995, sbr. 1. mgr. V. kafla hennar, er ákærði Björgvin Bjarnason sakaður um brot gegn 158. gr. almennra hegningarlaga eða til vara gegn 146. eða 147. gr. sömu laga með því að hafa ranglega tilgreint Bessa, ÍS 410, sem viðtakanda að fyrrgreindu aflamarki, auk þess sem tilgreiningin hafi farið í bága við lög nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Í síðari hluta III. kafla sömu ákæru, sbr. 3. mgr. V. kafla hennar, er ákærði Ingimar á sama hátt sakaður um brot gegn umræddum lagaákvæðum með því að hafa staðið að fyrrgreindum flutningi aflamarks til Bessa, ÍS-410, og síðan gefið út efnislega rangar umsóknir til Fiskistofu um flutning á 500 tonna aflamarki frá honum til hinna skipanna, sem hér var getið.

Ákærði Björgvin gaf ekki sjálfur út umsókn Ósvarar hf. frá 6. apríl 1990, og var hann í héraði sýknaður á þeirri forsendu af þessu ákæruefni. Af hálfu ákæruvaldsins er því haldið fram, að hann hafi allt að einu borið ábyrgð á því efni umsóknarinnar, er laut að tilgreiningu á skipinu, sem flutt var til, og verður á það að fallast. Ákærði Ingimar gaf hins vegar út umsóknirnar frá 3. maí 1995 í nafni Álftfirðings hf.

Flutningur aflamarks frá einu skipi til annars á þeirri forsendu, að tengsl veiðiheimildarinnar við síðara skipið séu aðeins til bráðabirgða, verður einn sér ekki talinn fara í bága við ákvæði laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Fram kemur í gögnum málsins, að sú tilhögun hafi verið algeng á þessum tíma og útgerðarmenn litið á hana sem eðlilegan þátt í þeirri hagræðingu sóknar í fiskistofna innan hvers fiskveiðiárs, er sé meðal markmiða þessara laga. Umsóknir um flutning í þessu tilviki voru efnislega réttar, svo langt sem þær náðu, og í samræmi við þá skráningarhætti á aflamarki, sem hér var lýst. Staðhæfingar um ráðagerðir, er búið hafi að baki flutningnum, varða þá þætti ákærunnar, sem vísað hefur verið frá dómi. Samkvæmt því ber að fallast á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að ákærðu Björgvin og Ingimar eigi að vera sýknir af umræddum sakargiftum.

V.

Ákærði Ari Halldórsson er íslenskur ríkisborgari, sem búsettur er í Pýskalandi og starfar þaðan sem miðlari á sviði viðskipta um fisk,

meðal annars fyrir fyrirtækið F. W. Lübbert GmbH & Co. í Bremerhaven. Í málinu er honum gefið að sök að hafa haft með höndum starfsemi, er meta verði sem fiskveiðar í íslenskri landhelgi í skilningi 2. gr. laga nr. 13/1992 um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands og 1. tl. 4. gr. laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sem varðar fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og vísað í því efni til laga nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, en nú til fyrrnefndu laganna. Er þessi starfsemi talin hafa birst í þeim viðskiptum ákærða við fyrirsvarsmenn Ósvarar hf. í Bolungarvík, Álftfirðings hf. í Súðavík, Vísis hf. í Grindavík og Goðaborgar hf. á Fáskrúðsfirði, sem lýst er í 1.-3. tl. I. kafla ákæru 20. febrúar 1996. Telur ákæruvaldið hann hafa brotið gegn umgetnum 1. tl. 4. gr. laga nr. 34/1991, sbr. 1. og 2. gr. og 8. tl. 4. gr. þeirra, svo að refsingu varði eftir 12. gr. sömu laga. Að auki er ákærði sakaður um hlutdeild í áætluðum brotum ákærðu Björgvins Bjarnasonar og Ingimars Halldórssonar gegn 158. gr. almennra hegningarlaga eða til vara 146. gr. eða 147. gr. sömu laga, sbr. 22. gr. þeirra.

Í hinum áfrýjaða dómi er umræddum viðskiptum ákærða Ara einkum lýst í þeim þætti dómsins, er varðar meint brot hans gegn lögum nr. 38/1990, lögum nr. 34/1991 og lögum nr. 13/1992. Eins og þar er til vísað, kom hann því til leiðar, að fram fóru kaup á samtals 660 tonna aflamarki frá m/s Dagrúnu, ÍS-9, sem flutt var yfir á m/s Bessa, ÍS-410, og síðan m/s Haffara, ÍS-430, gegn greiðslu á 21.762.064 krónum til Ósvarar hf. frá F. W. Lübbert GmbH & Co. Jafnframt kom hann því til leiðar, að samtals 500 tonn af þessu aflamarki voru flutt yfir á skip í eigu Vísis hf. í Grindavík, sem í staðinn annaðist útvegum á aflamarki í karfa, er nýtt var til veiða með skipum á vegum Gunnarstinds hf. á Stöðvarfirði. Lögðu þau upp afla hjá fiskvinnslufyrirtækinu Goðaborg hf. á Fáskrúðsfirði við tilteknu verði, sem ákærði greiddi sjálfur að hluta. Við Goðaborg hf. hafði ákærði samið um vinnslu og sölu á fullunnum karfaflökum til F. W. Lübbert gegn greiðslu eftir markaðsverði hverju sinni að frádregnu verðmæti þeirra veiðiheimilda, sem kostað var til öflunar á vörunni. Hafði sala til Þýskalands á rúmlega 47 tonnum af karfaflökum farið fram, þegar rannsókn máls þessa batt enda á viðskiptin í júnímánuði 1995.

Af hálfu ákærða Ara er því haldið fram, að þessi viðskipti geti

ekki talist til fiskveiða af hendi hans eða hins þýska fyrirtækis. Hafi starf hans að öllu leyti miðast við að koma á viðskiptum um unnin karfaflök með venjulegum kjörum milli Goðaborgar hf. og erlenda fyrirtækisins, sem lagt hafi til fjármagn til að standa undir öflun þeirra veiðiheimilda, er Goðaborg þyrfti að tryggja, til þess að karfi fengist til vinnslu. Vegna fjárskorts hjá Goðaborg hafi fyrirtækið einnig þurft að ábyrgjast greiðslur fiskverðs til skipa Gunnarstinds hf. Segir ákærði, að öll meðferð og færsla á aflamarki milli íslenskra skipa, er varð með atbeina hans, hafi farið fram með vitund og vilja fyrirsvarsmanna Goðaborgar og hann komið fram fyrir þeirra hönd. Þeir hafi og einir samið við Gunnarstind um veiðar á fiskinum og uppgjör milli fyrirtækjanna verið með algengum hætti.

Ákvæði 1. tl. 4. gr. laga nr. 34/1991, sem einnig vísa til laga nr. 13/1992, verður að skilja svo, að erlendum aðilum í skilningi 1. gr. laganna sé óheimilt að stunda fiskveiðar innan íslenskrar lögsögu. Komi ákvæði 7. tl. sömu greinar um óhefta fjárfestingu undir tilteknu heildarverðmæti og ákvæði 8. tl. um atvinnurekstrarleyfi til erlendra aðila ekki til álita um þá starfsemi. Í 2. tl. 4. gr. eru settar sams konar skorður við rekstri fyrirtækja til vinnslu sjávarafurða hér á landi, en ákæra í málinu nær ekki til þess ákvæðis.

Fyrir liggur um starfsemi Goðaborgar hf., að félagið fór með aflann frá Gunnarstindi hf. sem eigið hráefni í því tilliti, að venjuleg afurðalán félagsins voru látin ná til hans, og að uppgjör við Gunnarstind fór fram í nafni félagsins að minnsta kosti. Eigi að síður kveðst framkvæmdastjóri Goðaborgar hafa litið svo á, að félagið ætti ekki aflann, sem úr var unnið. Hann neitar því jafnframt gegn eindregnum framburði fyrirsvarsmanna Gunnarstinds að hafa samið við það félag um verð fyrir aflann. Jafnframt fullyrðir hann, að ákærði Ari hafi ekki komið fram í umboði Goðaborgar, þegar aflamark var keypt af Ósvör hf., og segir fyrirtæki sitt ekki hafa komið nærri þeim viðskiptum.

Skilgreining ákærða Ara á viðskiptunum og ferli þeirra nýtur þannig ekki stuðnings fyrirsvarsmanna Goðaborgar hf., en án hans er ekki unnt að leggja hana til grundvallar, einkum að því er varðar kaupin á aflamarki. Verður í þess stað að líta svo á, að ákærði Ari hafi átt beina aðild að viðskiptunum á eigin vegum og á vegum hins þýska fyrirtækis og haft á hendi stjórn á þeim að miklu leyti. Hafi

þau að því skapi farið fram á ábyrgð og áhættu hans og fyrirtækisins. Samkvæmt því verður á það að fallast með dómendum í héraði, að hann hafi haft með höndum starfsemi innan íslenskrar lögsögu, er telja verði til fiskveiða, gagnstætt því banni, sem felst í 1. tl. 4. gr. laga nr. 34/1991, og unnið til refsingar samkvæmt 12. gr. þeirra laga. Önnur tilvitnuð ákvæði laganna hafa ekki sjálfstæða þýðingu, heldur eru þau til skýringar efni 1. tl. 4. gr.

Ákæran um brot gegn lögum um stjórn fiskveiða verður í raun að teljast á því byggð, að ákærði Ari hafi nýtt stjórnkerfi laganna til að halda uppi þeirri starfsemi, sem hann er hér sakfelldur fyrir. Ljóst er að sjálfsögðu, að ákærði hafði ekki almennt veiðileyfi samkvæmt 4. gr. þeirra laga, enda taldi hann ekki til eignar að íslensku skipi. Eins og málið liggur fyrir, er þó rétt að fallast á það með héraðsdómi, að ekki séu efni til að gera honum sjálfstæða refsingu samkvæmt lögnum vegna starfseminnar.

Ákæran um brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga lýtur annars vegar að hlutdeild í háttsemi ákærðu Björgvins og Ingimars, sem hér var ekki talin refsiverð, og hins vegar að ákæruefnum, sem vísað hefur verið frá dómi. Ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að um mál ákærða fari á sama hátt að þessu leyti.

VI.

Í II. kafla ákæru 20. febrúar 1996 er ákærða Ara gefin að sök hlutdeild í brotum ákærða Reimars Charlessonar gegn ákvæðum laga nr. 145/1994 um bókhald og 146. gr. almennra hegningarlaga. Í héraðsdómi er hann sakfelldur fyrir hið síðarnefnda, og ber að staðfesta þá niðurstöðu. Hins vegar er hann þar sýknaður af hinu fyrrnefnda á grundvelli þess, að hlutdeild í brotum samkvæmt 37. gr. bókhaldslaga sé ekki refsiverð. Á það verður ekki fallist, þar sem 36. gr. þessara laga mælir svo um, að brot gegn 37. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 38. gr. þeirra skuli varða refsingu samkvæmt 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Eru ákvæði 39. gr. bókhaldslaga um hlutdeild þannig á því reist, að um refsináemi hlutdeildar í umræddum brotum fari beint eftir ákvæðum 22. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði Reimar Charlesson er sakfelldur í héraðsdómi vegna þeirrar háttsemi sinnar, sem hér um ræðir. Þar sem fallast má á þá niðurstöðu, verður ákærði Ari hér sakfelldur

sem hlutdeildarmaður í brotinu samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr. bókhaldslaga, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995, sbr. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, allt sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Við ákvörðun viðurlaga á hendur ákærða Ara vegna þeirrar háttsemi, sem um ræðir í V. og VI. kafla, ber að líta til þess, að hann hefur ekki áður verið sakfelldur fyrir refsivert atferli. Með skírskotun til ákvæða hins áfrýjaða dóms um refsingu hans verður henni ekki raskað.

Samkvæmt því, sem hér var rakið, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms gagnvart öllum ákærðu, bæði um efni málsins og um sakarkostnað í héraði.

Áfrýjunarkostnaður vegna ákærða Björgvins og Ingimars greiðist úr ríkissjóði, en ákærði Ari greiði áfrýjunarkostnað málsins, hvort tveggja eins og um er mælt í dómsorði.

VIII.

Hrafn Bragason hæstaréttardómari gerir eftirfarandi athugasemd: Þrátt fyrir þá hnökra á málalíbúnaði ákæruvaldsins, sem lýst er í II. kafla hér að framan, lágu þar taldar sakargiftir það ljóst fyrir við aðalflutning í héraði, að vörn málsins þurfti ekki að verða ábótavant að teknu nægu tilliti til 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991. Af þessum sökum tel ég, að ómerkja beri dóm héraðsdóms, að því er varðar þessar sakargiftir ákærðu Björgvins og Ingimars og þátt ákærða Ara í þeim, og vísa málinu heim í hérað til aðalmeðferðar og dómsálagningar, að því er þessar sakargiftir varðar.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærðu, Ara Halldórsson, Björgvin Bjarnason og Ingimar Halldórsson.

Ákærði Ari Halldórsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, að því er hann varðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns

fyrir Hæstarétti, Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Áfrýjunarkostnaður málsins vegna ákærða Björgvins Bjarnasonar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Hróbjarts Jónatanssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Áfrýjunarkostnaður málsins vegna ákærða Ingimars Halldórssonar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 12. apríl 1996.

Ár 1996, föstudaginn 12. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara sem dómsformanni og Arngrími Ísberg og Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-59/1995: Ákærvaldið gegn Björgvin Bjarnasyni, Kristjáni Jóni Guðmundssyni, Ingimar Halldórssyni, Reimari Charlessyni og Ara Halldórssyni, sem tekið var til dóms 1. mars síðastliðinn að loknum munnlegum málflutningi.

Málið er höfðað með tveimur ákærum ríkissaksóknara, dagsettum 5. desember 1995 og 20. febrúar 1996. Með fyrri ákæru er kveðið á um málshöfðun á hendur ákærðu, Björgvin Bjarnasyni, Hjallastræti 14, Bolungarvík, kt. 140149-7219, Kristjáni Jóni Guðmundssyni, Hjallalundi 41, Kópavogi, kt. 191156-5879, Ingimar Halldórssyni, Kjarrholti 6, Ísafirði, kt. 010449-4999, og Reimari Charlessyni, Gláðheimum 24, Reykjavík, kt. 220135-4039, „fyrir eftirgreind brot:

I.

A. Ákærða Björgvin er gefið að sök sem framkvæmdastjóra Ósvarar hf., Bolungarvík, að hafa í umsókn í símbréfi 6. apríl 1995 til Fiskistofu um staðfestingu á yfirfærslu aflamarks frá Dagrúnu, ÍS-9, fyrir 120 tonnum af þorski, 70 tonnum af ýsu, 150 tonnum af ufsa, 160 tonnum af karfa og 160 tonnum af grálúðu ranglega tilgreint Bessa, ÍS-410, eign Álfthfirðings hf., sem viðtakanda aflamarksins og að hafa með því að selja aflamarkið áður þýsku fyrirtæki, F. W. Lübbert GmbH & Co. í Bremerhaven í Þýskalandi, sem greiddi fyrir það 2. mars og 7. apríl 1995 samtals 21.762.064 kr., ráðstafað með ólögætum hætti opinberu leyfi til fiskveiða, sem gerði þýska fyrir-

tækinu kleift að hagnýta sér fiskveiðiréttindin í íslenskri landhelgi með verktakasamningum við íslensk útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki. Rak það síðan starfsemi hér á landi á eigin áhættu og með eigin fjárframlagi vegna kaupa á aflamarkinu, allt andstætt 1. gr., 2. gr. og 1., 6. og 8. tölulið 4. gr. laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, sbr. lög nr. 13/1992 um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Eftir ákvörðun fulltrúa hins þýska félags var aflamarkið flutt frá Dagrúnu, ÍS-9, til „geymslu“ yfir á Bessa, ÍS-410, að undanskildum 160 tonnum af karfa, sem eigandi Bessa, ÍS-410, hagnýtti sér.

B. Þá er ákærða Björgvin einnig gefið að sök að hafa misnotað aðstöðu sína sem framkvæmdastjóri Ósvarar hf., eftir að stjórn félagsins hafði samþykkt á fundi 17. mars 1995 að verða við tilmælum bæjarstjórnar Bolungarvíkur frá 10. sama mánaðar um, að fram til 7. apríl yrðu ekki teknar neinar meiri háttar ákvarðanir, meðal annars varðandi „meðferð veiðiheimilda“ félagsins, með því að brjóta þá stjórnarsamþykkt með sölu á aflamarki fyrir 70 tonnum af þorski, 70 tonnum af ufsa og 94 tonnum af grálúðu samkvæmt umsókn til Fiskistofu 28. 3. 1995 og með sölunni 6. apríl 1995, sem í I. A. greinir.

II.

A. Ákærða Kristjáni Jóni er gefið að sök sem útgerðarstjóra Ósvarar hf., Bolungarvík, skjalafals með því að notfæra sér á þann hátt, sem að neðan greinir, í þeim tilgangi að blekkja Fiskistofu um, að fyrir lægi samþykki sveitarstjórnar og sjómannafélags fyrir flutningi aflamarks úr verstöð, svo sem áskilið er í lögum nr. 38/1990, staðlað umsóknareyðublað, sem forráðamenn Ósvarar hf. höfðu fengið í hendur ódagsett snemma í janúar 1995, undirritað um samþykki af Ólafi Kristjánssyni með stimplinum: Bæjarstjórnin í Bolungarvík, og af varaformanni Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, Kristínu H. Karvelsdóttur, ásamt stimpli þess félags, til að flytja 200 tonn af grálúðuaflamarki frá Dagrúnu, ÍS-9:

1. Með því að senda í tveimur símbréfum Aflamiðlun Landssambands íslenskra útvegsmanna beiðni um að útvega kaupendur og að framsenda síðan Fiskistofu til staðfestingar ljósrit af framangreindu umsóknareyðublaði, eftir að hafa málað yfir töluna „200“ í liðnum um tonnafjölda grálúðu á frumritinu og fært inn á ljósritið, eins og hér greinir:

a. Dagsetninguna 13. 1. 1995 og í kvótaflutningsdálk 100 tonn af þorski, 100 tonn af ýsu, 100 tonn af ufsa, 100 tonn af karfa og 100 tonn af grálúðu, en Aflamiðlun tilkynnti Fiskistofu um einstaka kaupendur og hvernig heildaraflamarkið skiptist milli þeirra, með því að fjölfalda með ljósritun

þessa umsókn Ósvarar hf. þannig, að til urðu sjö umsóknir, dagsettar 18. 1., og tvær, dagsettar 21. 3. 1995.

b. Dagsetninguna 28. 3. 1995 og í dálk um kvótaflutning 70 tonn af þorski, 70 tonn af ufsa og 94 tonn af grálúðu, en Aflamiðlun ljósritaði þannig, að til urðu fimm umsóknarblöð, sem send voru Fiskistofu dagana 30. 3., 31. 3. og 4. 4. 1995.

2. Með því að senda í símbréfi til Fiskistofu frumrit framangreinds umsóknareyðublaðs, eftir að hafa skráð Bessa, ÍS-410, sem viðtakanda, dagsett það 6. 4. 1995, breytt aflamagni grálúðu í 160 tonn og bætt að auki við 120 tonnum af þorski, 70 tonnum af ýsu, 150 tonnum af ufsa og 160 tonnum af karfa.

B. Þá er ákærða Kristjáni Jóni enn fremur gefið að sök að hafa í ársbyrjun 1995 komið á því samningssambandi, sem lýst er í I. kafla ákæru, milli Ósvarar hf. og hins þýska félags, F. W. Lübberts GmbH & Co., með beinni meðalgöngu milli aðilanna.

III.

Ákærða Ingimar er gefið að sök sem framkvæmdastjóra hlutafélaganna Frosta hf. og Álftfirðings hf. í Súðavík að hafa tekið að sér fyrir þýska fyrirtækið F. W. Lübbert GmbH & Co. að „geyma“ á Bessa, ÍS-410, 500 tonn af því aflamarki, sem Álftfirðingur hf. fékk yfirfært frá Dagrúnu, ÍS-9, 6. apríl 1995, og að hafa síðan ráðstafað því eftir fyrirmælum hins þýska félags, allt í því skyni að dylja brot þess á ákvæðum laga nr. 34/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1922, sbr. 2. gr. laga nr. 13/1992, og jafnframt er ákærða Ingimar gefið að sök að hafa gefið út efnislega rangar umsóknir um flutning á aflamarkinu, fyrst með flutningi frá Bessa, ÍS-410, til Haffara, ÍS-430, og síðan frá því skipi til Hrunnis, GK-50, eign Vísis hf., Grindavík, sem fengu staðfestingu Fiskistofu 10. 5. 1995.

IV.

Ákærða Reimari Charlessyni er gefið að sök sem stjórnarformanni, framkvæmdastjóra og aðaleiganda hlutafjár í hlutafélaginu RC & Co. hf., Reykjavík, að hafa búið til þrjá reikninga í nafni félagsins, þótt það gæti hvorki talist heildsali né miðlari í viðskiptunum, en reikningarnir gáfu þá mynd, að RC & Co. hefðu gerst útflytjandi að fiski, sem þýska fyrirtækið F. W. Lübbert GmbH & Co. hafði látið veiða og vinna, eftir að hafa keypt aflamark af Ósvör hf., og ákærði hafði einungis tekið að sér „pappírsvinnu“ við útflutning afurða í eigu þýska fyrirtækisins, sem hafði gefið honum fyrirmæli um magn, verð og annað efni eftirgreindra reikninga, sem hann hélt

utan reikningakerfis RC & Co. hf. og tekjufærði ekki í bókhaldi þess:

<i>Númer</i>	<i>Dagsetning</i>	<i>Fjárhæð í þýskum mörkum</i>
115	29. 3. 1995	DM 57.268,80
116	8. 5. 1995	DM 102.530,40
117	24. 5. 1995	DM 52.285,20

Jafnframt að hafa 30. mars, 11. maí og 24. sama mánaðar 1995 framvísað hjá tollyfirvöldum ásamt framangreindum reikningum útflutningsskýrslum, sem hann hafði útbúið samkvæmt þeim.

V.

Brot ákærða Björgvins samkvæmt I. A. telst varða við 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 146. eða 147. gr. sömu laga. Jafnframt varðar háttsemi hans aðallega við 19. gr. laga nr. 38/1990 og 12. gr. laga nr. 34/1991, en til vara við sömu lagagrein, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða samkvæmt I. B. telst varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot ákærða Kristjáns Jóns samkvæmt II. A. teljast varða við 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot hans samkvæmt II. B. aðallega við 19. gr. laga nr. 38/1990 og 12. gr. laga nr. 34/1991, en til vara við sömu lagagrein, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot ákærða Ingimars teljast aðallega varða við 12. gr. laga nr. 34/1991, en til vara við sömu lagagrein, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og aðallega við 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 146. eða 147. gr. sömu laga.

Brot ákærða Reimars telst varða við 36. gr., sbr. 37. gr. laga um bókhald nr. 145/1994, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995 um breytingu á þeim lögum, sbr. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995 um breytingu á þeim lögum, svo og aðallega við 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 147. gr. sömu laga.

VI.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Með ákærunni frá 20. febrúar 1996 er málið höfðað á hendur ákærða Ara Halldórssyni, Ringstrasse 109, 27612 Stinstedt-Loxstedt, Þýskalandi, kt. 020954-2569, „fyrir eftirgreind brot:

I.

Ákærða er gefið að sök sem miðlara fyrir þýska fyrirtækið F. W. Lübbert GmbH & Co. í Bremerhaven að hafa á árinu 1995 staðið með forráða-

mönnum íslenskra útgerðarfyrirtækja að brotum á almennum hegningarlögum og lögum um stjórn fiskveiða, að hafa hagnýtt fiskveiðiréttindi í íslenskri landhelgi með verktakasamningum við íslensk útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki um veiðar og vinnslu afla og að hafa rekið þá starfsemi hér á landi á eigin áhættu og með þýsku fjárframlagi með þeim hætti, sem hér greinir:

1. Að kaupa í nafni hins þýska fyrirtækis af Ósvör hf., Bolungarvík, aflamark frá Dagrúnu, ÍS-9, fyrir 120 tonnum af þorski, 70 tonnum af ýsu, 150 tonnum af ufsa, 160 tonnum af karfa og 160 tonnum af grálúðu, greiða fyrir það 2. mars og 7. apríl 1995 samtals 21.762.064 kr. og fá seljanda til að ráðstafa því með ólögmætum hætti til „geymslu“ á Bessa, ÍS-410, og sækja um staðfestingu til Fiskistofu á þeirri yfirfærslu, eins og um væri að ræða lögmætan flutning í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða.

2. Að fá framkvæmdastjóra Álftfirðings hf. og Frosta hf. í Súðavík til að „geyma“ framangreint aflamark á skipum þeirra félaga, Bessa, ÍS-410, og síðan Haffara, ÍS-430, og ráðstafa 500 tonnum af því til annarra skipa samkvæmt fjölmörgum umsóknum til Fiskistofu um staðfestingu á þeim ráðstöfunum og með því að semja við framkvæmdastjóra Vísis hf., Grindavík, um að fá aflamarkinu skipt yfir í karfa og ráðstafa því síðan til skipa, sem ákærði hafði samið við um karfaveiðar gegn greiðslu á 31 kr. fyrir hvert kíló.

3. Að semja við framkvæmdastjóra Goðaborgar hf., Fáskrúðsfirði, um vinnslu á karfa fyrir um 100 kr. fyrir hvert kíló og fá fiskvinnslufyrirtækið til að senda hinu þýska fyrirtæki dagana 28. 3., 5. 5. og 18. 5. 1995 samtals 1802 kassa með 47.408 kg af unnum karfaflökum með milligöngu RC & Co. hf.

Telst þetta varða við 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 146. eða 147. gr. sömu laga, allt sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 19. gr., sbr. 4., 5. og 7. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, og 12. gr., sbr. 1. gr., 2. gr. og 1., 6. og 8. tölulið 4. gr. laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, sbr. 2. gr. laga nr. 13/1992 um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

II.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa fengið Reimar Charlesson, framkvæmdastjóra fyrirtækisins RC & Co. hf., Reykjavík, til að útbúa samkvæmt fyrirsögn ákærða þrjá eftirgreinda reikninga í nafni þess félags á fyrirtækið F. W. Lübbert GmbH fyrir þeim karfa, sem Goðaborg hf. hafði unn-ið fyrir ákærða, þannig, að þeir reikningar gáfu þá mynd, að RC & Co. hf. hefði gerst útflytjandi afurðanna, þó að framkvæmdastjóri þess hefði í raun

einungis tekið að sér „pappírsvinnu“ í þágu ákærða, þar sem reikningunum var haldið utan reikningakerfis RC & Co. hf. og þeir ekki tekjufærðir í bók-haldi þess:

<i>Númer</i>	<i>Dags.</i>	<i>Kassar</i>	<i>Þyngd</i>	<i>Fjárhæð í þýskum mörkum</i>	
115	29. 3. 1995	664	15.936 kg	DM	57.268,80
116	8. 5. 1995	799	19.176 kg	DM	102.530,40
117	24. 5. 1995	339	12.296 kg	DM	52.285,20
Samtals		1802	47.408 kg	DM	212.084,40

og að hafa fengið framkvæmdastjórnann Reimar til að framvísa þeim reikningum hjá töllyfirvöldum ásamt útlutningsskýrslum 30. mars, 11. maí og 24. maí 1995.

Telst þetta varða við 36. gr., sbr. 37. gr. laga um bókhald nr. 145/1994, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995 um breytingu á þeim lögum, sbr. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995 um breytingu á þeim lögum, svo og aðallega við 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 147. gr. sömu laga, allt sbr. 22. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákærðu halda uppi vörnum í málinu. Af þeirra hálfu er aðallega krafist sýknu af kröfum ákærvalds, en ellegar vægustu refsingar, sem lög frekast heimila. Þá verði allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun skipaðra verjenda.

Málsatvikalýsing.

Við lýsingu málsatvika hér á eftir verður ekki fjallað um sakarefni í sömu röð og frá greinir í ákærum. Til hagræðis verður atvikalýsingunni skipt í nokkra kafla, sem hver dregur heiti af nánara efni sínu, en í lok hvers kafla verða birtar niðurstöður dómsins og vísað þar til viðeigandi kaflaskipunar í ákærum. Áður þykir þó rétt að gera stuttlega grein fyrir forsögu málsins.

Útgerðarfélagið Ósvör hf. í Bolungarvík var stofnað 10. mars 1993 til að endurreisa atvinnulíf á staðnum eftir gjaldþrot Einars Guðfinnssonar hf. um miðjan febrúar s. á. Meðal stofnenda voru ákærðu Björgvin og Kristján Jón. Með aðstoð bæjarstjórnar og u. þ. b. 50 milljóna króna hlutafjárframlagi bæjarsjóðs keypti félagið undir stjórn ákærða Björgvins togara þrotabúsins, Heiðrúnu, ÍS-4, og Dagrúnu, ÍS-9. Í krafti hlutafjáreignar fékk bæjarsjóður meiri hluta í stjórn félagsins á aðalfundi 27. október 1993 og hélt honum allt til vors 1995, er Bakki hf. í Hnífsdal keypti hlut bæjarsjóðs og fleiri hluthafa. Á stjórnarfundi í Ósvör 4. mars 1995 voru kynnt tilmæli bæjarráðs Bolungarvíkur til stjórnar Ósvarar frá því fyrr um daginn þess

efnis, að fram til 21. mars 1995 yrðu ekki teknar neinar meiri háttar ákvarðanir um meðferð eigna félagsins eða stofnun skulda, meðferð veiðiheimilda, ráðstöfun hlutafjár eða gerð varanlegra viðskiptasamninga. Á fundi bæjarstjórnar Bolungarvíkur 10. mars 1995 voru ítrekuð fyrri tilmæli til stjórnar Ósvarar, að fram til 7. apríl 1995 yrðu engar meiri háttar ákvarðanir teknar um félagið. Á fundi stjórnar Ósvarar 17. mars 1995 var samþykkt að verða við greindum tilmælum.

Ætlað skjalafals ákærða Kristjáns Jóns.

Í bréfi, dagsettu 24. apríl 1995, fór Andri Árnason hæstaréttarlögmaður þess á leit f. h. bæjarstjórnans í Bolungarvík, að fram færi opinber rannsókn á ætlaðri misnotkun og fjölföldun undirskriftar bæjarstjóra, Ólafs Kristjánssonar, sem umsagnaraðila samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 á umsóknir til Fiskistofu um staðfestingu á flutningi aflamarks innan fiskveiðiársins 1994-1995 frá Dagrúnu, ÍS-9, til skipa utan byggðarlagsins. Segir í bréfinu, að grunur leiki á, að fyrirsvarsmenn Ósvarar hafi á tímabilinu frá 21. mars til 7. apríl 1995 í a. m. k. átta tilvikum fjölfaldað nafnritun og stimpil bæjarstjórnans á fyrrgreindar umsóknir og við þá háttsemi líklega stuðst við eldri umsókn, sem réttilega hafi verið borin undir hann til umsagnar og samþykkis. Rannsókn málsins var falin RLR.

Ákærði Björgvin greindi frá því við yfirheyrslur í maí 1995, að auk hans hefði á greindum tíma verið tveir aðrir starfsmenn í yfirstjórn Ósvarar, annars vegar skrifstofustjóri og hins vegar útgerðarstjóri, ákærði Kristján Jón, sem annaðist sölu og ráðstöfun afla og aflaheimilda. Í kjölfar bilunar í aðalvél Dagrúnar, ÍS-9, í byrjun janúar 1995 hafi ákærða Björgvin þótt fyrirsjáanlegt, að skipið yrði frá veiðum, það sem eftir var fiskveiðiársins. Rætt hafi verið á stjórnarfundum Ósvarar í janúar og febrúar, hvernig bregðast skyldi við vandanum, og þá verið ákveðið að leigja aflaheimildir Dagrúnar, enda ljóst, að önnur skip félagsins myndu ekki geta nýtt sér þær. Ekkert hafi verið um þetta bókað, en fundarmenn verið á einu máli um nauðsyn þess. Hafi það komið í hlut ákærða sem framkvæmdastjóra að hrinda þessu í framkvæmd, þ. e. að koma aflaheimildunum í verð og nýta þannig verðmætin. Ákærði hafi síðan rætt þetta við ákærða Kristján Jón og falið honum allan skjalafrágang. Sjálfur hafi ákærði því ekkert komið að gerð þriggja umsókna til Fiskistofu, sem rannsókn RLR beindist fljótlega að.

Við yfirheyrslur hjá RLR bar ákærði Kristján Jón af sér allar sakir um fjölföldun og misnotkun undirskrifta Ólafs Kristjánssonar bæjarstjóra og Kristínar H. Karvelsdóttur, varaformanns Verkafélags- og sjómannafélags Bolungarvíkur. Hann kvaðst hins vegar þrívægis hafa farið á skrifstofu bæjarstjóra með óútfyllt umsóknareyðublöð og bæjarstjóri þar undirritað

eyðublöðin og stimplað án nokkurra athugasemda. Hið sama hafi varaformaður sjómannafélagsins gert. Ákærði mundi ekki, hvenær umræddar nafnritanir fóru fram. Hann hafi síðan fært inn á eyðublöðin upplýsingar um það aflamark, sem leigja skyldi úr verstöðinni, og dagsett umsóknirnar 13. janúar 1995, 28. mars 1995 og 6. apríl 1995.

Verður nú lýst efni umsóknanna þriggja og hvernig að gerð þeirra var staðið, í samræmi við það, sem fram hefur komið við rannsókn og meðferð málsins.

Hinn 10. janúar 1995 hafði ákærði Kristján Jón samband við Björn Jónsson, starfsmann Aflamiðlunar LÍÚ og bað hann að annast leigu á aflamarki fyrir Ósvör. Ákærði sendi síðan Birni með símbréfi staðlað umsóknareyðublað vegna Dagrúnar, ÍS-9, sem dagsett var 13. janúar 1995, þar sem tilgreint var það aflamark, sem leigja skyldi, þ. e. 100 tonn af þorski, 100 tonn af ýsu, 100 tonn af ufsa, 100 tonn af karfa og 100 tonn af grálúðu. Símbréfið bar með sér, að leitað hefði verið umsagnar bæjarstjóra og Veralýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur. Er Björn hafði fundið leigjendur að greindu aflamarki, fjölfaldaði hann hverju sinni hina upprunalegu umsókn Ósvarar og færði inn á hana það aflamark, sem flytja skyldi frá Dagrúnu yfir á hvert skipanna fyrir sig. Urðu þannig til nýu aðrar umsóknir, sem Björn sendi síðan Fiskistofu til staðfestingar. Í sjö tilvikum öðlaðist flutningur aflamarksins gildi 18. janúar 1995, en í tveimur tilvikum ekki fyrr en 21. mars 1995 að ósk leigutakanna. Í öllum tilvikunum nýu var aflamarkið leigt úr byggðarlaginu. Hinni upprunalegu umsókn frá 13. janúar 1995 var hvorki haldið til haga af hálfu Ósvarar né Aflamiðlunar LÍÚ.

Ákærði Kristján Jón hafði aftur samband við Björn Jónsson í mars 1995 og bað þá um meðalgöngu um leigu á 70 tonnum af þorski, 70 tonnum af ufsa og 70 tonnum af grálúðu. Ákærði sendi síðan Birni með símbréfi 28. mars 1995 umsókn Ósvarar til Fiskistofu, útfyllta samkvæmt framanrituðu og undirritaða af hálfu bæjarstjórnar og sjómannafélagsins. Björn leigði því næst greindan kvóta með líkum hætti og áður fimm skipum utan byggðarlagsins að viðbættum 24 tonnum af grálúðu, sem Björn hafði fundið leigjanda að og ákærði í símtali við Björn samþykkt leigu á. Sem fyrr kom það í hlut Björns að breyta og fjölfalda hina upprunalegu umsókn Ósvarar og útbúa fimm nýjar, sem hann síðan sendi Fiskistofu til staðfestingar. Þangað bárust umsóknirnar á tímabilinu frá 30. mars til 4. apríl 1995. Upprunaleg umsókn Ósvarar, dagsett 28. mars 1995, handrituð að hluta, en með ljósrítuðum undirskriftum Ólafs Kristjánssonar og Kristínar H. Karvelsdóttur, liggur frammi í málinu.

Hinn 6. apríl 1995 sendi ákærði Kristján Jón Fiskistofu umsókn í símbréfi

með beiðni um staðfestingu á flutningi 660 tonna aflamarks frá Dagrúnu, ÍS-9, til Bessa, ÍS-410, í eigu Áltftfirðings hf. í Súðavík. Frumrit umsóknarinnar, stimplað og undirritað eigin hendi af Ólafi Kristjánssyni og Kristínu H. Karvelsdóttur, var haldlagt á skrifstofu Ósvarar við húsleit 11. maí 1995. Samkvæmt umsókninni bar að millifæra 120 tonn af þorski, 70 tonn af ýsu, 150 tonn af ufsa, 160 tonn af karfa og 160 tonn af grálúðu. Fiskistofu barst umsóknin 7. apríl 1995.

Í þágu rannsóknar málsins kannaði RLR, hversu margar umsóknir um flutning aflamarks úr verstöð væru til á skrifstofum bæjarstjóra og sjómannafélagsins vegna fiskveiðiársins 1994-1995. Eitt ljósrit umsóknar fannst á hvorum stað vegna flutnings á aflamarki frá Dagrúnu, ÍS-9. Ljósritin báru hvorugt með sér, hver viðtakandi aflamarksins væri, en inn á þau bæði var færð talan 200 í dálk fyrir kvótatilfærslu á grálúðu. Hvorugt ljósritanna var dagsett eða að öðru leyti útfyllt af hálfu fyrirsvarsmanna Ósvarar. Eintakið í vörslum bæjarstjóra var undirritað um samþykki af hans hálfu, en eintak sjómannafélagsins bar með sér, að auk bæjarstjóra hefði Kristín H. Karvelsdóttir samþykkt flutning umrædds kvóta úr verstöðinni. Niðurstaða skjalarrannsóknar RLR var sú, að um ljósrit af sama umsóknareyðublaði væri að ræða og að frumriti þess hefði verið breytt með leiðréttingarlakki eða öðru áþekku og síðan notað við gerð fyrrgreindra umsókna, dagsettra 13. janúar 1995, 28. mars 1995 og 6. apríl 1995.

Ákærði Kristján Jón játaði rétta fyrir dómi atvikalýsingu í II. kafla A. ákæruskjals frá 5. desember 1995, þó með þeim fyrirvara, sem áður greinir og lýtur að hinum 24 tonna viðbótargrálúðukvóta. Ákærði taldi sig hins vegar að öllu leyti hafa unnið innan marka umboðs og heimildar Ólafs Kristjánssonar, bæjarstjóra í Bolungarvík, og því ekki gerst brotlegur við lög. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði í desember 1994 eða janúar 1995 farið á skrifstofu bæjarstjóra með tvö umsóknareyðublöð, sem Ólafur hefði þar undirritað til staðfestingar því, að flytja mætti aflamark í eigu Ósvarar úr verstöðinni. Annars vegar hefði verið um að ræða ódagsett eyðublað vegna flutnings á 200 tonna grálúðukvóta frá Dagrúnu, ÍS-9, og hins vegar ódagsett og að öllu leyti útfyllt eyðublað vegna kvótaflutnings frá Flosa, ÍS-15, skips í eigu Græðis hf. í Bolungarvík. Af hálfu ákærða var lagt fram ljósrit af síðargreinda eyðublaðinu við meðferð málsins. Í kjölfar vélarbilunar Dagrúnar og þeirrar ákvörðunar stjórnar Ósvarar á fundi í janúar 1995 að leigja aflamark fyrir ríflega 30 milljónir króna til að viðhalda rekstri félagsins hafi ákærði á sitt eindæmi málað yfir töluna 200 á eyðublaðinu vegna Dagrúnar, ljósritað það í tveimur eintökum og síðan útbúið með þeim hætti, sem áður er rakinn, umsóknirnar þrjár til Fiskistofu frá 13. jan-

úar, 28. mars og 6. apríl 1995. Kvaðst ákærði hafa gert þetta með fullri vitneskju og í umboði nefnds bæjarstjóra. Ólafur hefði þó aldrei heimilað ákærða slíkt berum orðum, en ákærði engu að síður talið sér það heimilt í ljósi almennra umræðna á fyrrgreindum stjórnarfundum Ósvarar um nauðsyn á leigu aflamarks. Með setu sinni á þeim fundi sem stjórnarformaður og þátttöku í umræðunum hefði bæjarstjóra hlotið að vera ljóst, að leigja þyrfti meira en 200 tonn af grálúðu og þá hlutfallslega af öllum kvótategundum. Þá vísaði ákærði einnig til undirritunar bæjarstjóra á áðurgreint umsóknareyðublað vegna Flosa, ÍS-15, sem heimilað hefði ákærða að flytja kvóta úr byggðarlaginu eftir þörfum. Það eyðublað hefði hins vegar mislagst á skrifstofu ákærða og hann því orðið að grípa til eyðublaðsins vegna Dagrúnar og breyta því. Ákærði kvaðst hafa staðið einn að þeim breytingum, en áður hefði ákærði Björgvin þó tekið ákvörðun um það heildaraflamark, sem leigja þyrfti hverju sinni. Framkvæmdin hefði hins vegar algerlega verið falin útgerðarstjóra. Ákærði kvaðst engar áhyggjur hafa haft vegna áritunar Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur á umsóknirnar þrjár, enda hefði það einatt skrifað upp á umsóknir í kjölfar undirritunar bæjarstjóra og því formsatriði að fá þá staðfestingu. Ákærði kvaðst því aldrei hafa leitað eftir heimild sjómannafélagsins til að fjölfalda eyðublað með nafni varaformanns og stimpli félagsins.

Vitnið Ólafur Kristjánsson bar fyrir dómi, að það hefði aðeins í eitt skipti, líklega í desember 1993, áritað óútfyllt umsóknareyðublað frá Ósvör, sem heimilað hefði kvótaflutning frá Dagrúnu, ÍS-9, til skipa utan byggðarlagsins. Kvaðst vitnið hafa treyst ákærða Kristjáni Jóni til að misfara ekki með umsóknareyðublaðið, en hann hefði á þeim tíma verið að leysa „smávandamál“. Vitnið þvertók fyrir að hafa nokkru sinni heimilað ákærða að fjölfalda þá umsókn eða aðrar umsóknir, er vitnið hafði áritað, og nota með þeim hætti, sem að framan er rakið. Vitnið bar ekki á móti því að hafa undirritað óútfyllt millifærslublað vegna Flosa, ÍS-15, sem dagsett er 1. desember 1994, en fullyrti, að það hefði ekki áritað slík eyðublöð fyrstu fjóra mánuði ársins 1995.

Vitnið Kristín H. Karvelsdóttir bar fyrir dómi, að það hefði tvívegis staðfest flutning aflamarks úr verstöð að beiðni ákærða Kristjáns Jóns án þess að kynna sér áður efni viðkomandi umsóknareyðublaða. Fyrra tilvikið hefði orðið í nóvember eða desember 1994 og hið síðara í janúar 1995. Vitnið þvertók ekki fyrir, að þau eyðublöð hefðu verið óútfyllt, er það áritaði þau. Vitnið kvað aldrei hafa borist í tal með sér og ákærða, hvort hann mætti fjölfalda umsóknareyðublað með nafnritun og stimpli sjómannafélagsins og nota með þeim hætti, sem að framan er lýst.

Niðurstaða.

Samkvæmt 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 er óheimilt að flytja aflamark milli skipa, sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, nema fyrir liggi samþykki Fiskistofu og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð. Ber þeim, sem hlut eiga að máli, að tilkynna Fiskistofu fyrir fram um flutning aflamarks, enda öðlast hann ekki gildi, fyrr en Fiskistofa hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn.

Fram er komið, að ákærði Kristján Jón breytti ódagsettu, stöðluðu umsóknareyðublaði til Fiskistofu, sem áritað hafði verið af Ólafi Kristjánssyni, bæjarstjóra í Bolungarvík, og Kristínu H. Karvelsdóttur, varaformanni Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, um samþykki við flutningi 200 tonna grálúðukvóta frá Dagrúnu, ÍS-9, til ótilgreinds skips utan byggðarlagsins, og notaði síðan við gerð þeirra þriggja umsókna til Fiskistofu, sem að framan er lýst og ákærði dagsetti 13. janúar, 28. mars og 6. apríl 1995. Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa þannig í nafni Ósvarar leigt samtals 1.370 tonna aflamark frá Bolungarvík án þess að leita áður umsagnar Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur. Með þeirri háttsemi blekkti ákærði Fiskistofu um, að fyrir lægi samþykki sjómannafélagsins lögum samkvæmt fyrir þeim flutningi aflamarks úr byggðarlaginu. Þá hefur ákærði borið fyrir dómi, að Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri hafi aldrei heimilað sér berum orðum að breyta greindu umsóknareyðublaði og nota með þeim hætti, sem ákærði gerði. Huglæg afstaða ákærða til viljayfirlýsingar bæjarstjóra gagnvart stjórn Ósvarar um, að leigja þyrfti aflamark til að viðhalda rekstri félagsins, fær engu breytt um þá staðreynd, að Fiskistofa, sem er opinbert stjórnvald, mátti treysta því, að umsóknirnar þrjár hefðu allar verið bornar undir bæjarstjóra með þeim hætti, sem áskilið er í lögum um stjórn fiskveiða. Með því að bregðast þeirri lagaskyldu blekkti ákærði Fiskistofu einnig að því leyti. Hefur ákærði með greindri háttsemi gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ætluð umboðssvik ákærða Björgvins.

Ákærði Björgvin dró við rannsókn og meðferð málsins ekki dul á, að hann hefði borið ábyrgð á þeirri ákvörðun Ósvarar að leigja samtals 894 tonna aflamark frá Dagrúnu, ÍS-9, skipum utan byggðarlagsins, svo sem rakið er í I. kafla B. ákæruskjals 5. desember 1995. Ákærði kannaðist hins vegar ekki við að hafa með þeirri ákvörðun misnotað aðstöðu sína sem framkvæmdastjóri og brotið gegn samþykkt stjórnar Ósvarar frá 17. mars 1995, sem greint var frá í inngangi. Því til stuðnings skírskotaði ákærði eink-

um til stjórnarfundar Ósvarar 24. janúar 1995, þar sem ákveðið hefði verið að leigja aflamark fyrir allt að 30 milljónir króna til að viðhalda daglegum rekstri félagsins og kosta fyrirhugaðar breytingar á Dagrúnu, ÍS-9, eftir áður nefnda vélarbilun í byrjun janúar 1995. Eins og rekstrarstaða félagsins hafi verið á þeim tíma og í ljósi þeirra aflaheimilda, sem Dagrún, ÍS-9, hafði og félagið gat ekki lengur hagnýtt sér með beinum hætti vegna vélarbilunarinnar, hefði umrædd leiga fráleitt falið í sér „meiri háttar ákvarðanir“ um rekstur félagsins. Þá benti ákærði á, að ákvarðanir um leigu umrædds aflamarks hefðu verið teknar og í raun framkvæmdar löngu fyrir samþykkt stjórnar Ósvarar 17. mars 1995. Leigjendur aflamarksins hefðu hins vegar dregið að tilkynna, á hvaða skip færa skyldi viðkomandi aflamark, en fyrr hefði ekki verið unnt að senda Fiskistofu tilkynningu um flutning þess. Greiðslukvittanir til Ósvarar frá F. W. Lübbert GmbH & Co. í Þýskalandi, dagsettar 2. mars og 7. apríl 1995, að andvirði samtals 21.762.064 krónur, sýni þetta, hvað varðar leigu á því aflamarki, sem tilkynnt var Fiskistofu 6. apríl 1995.

Stjórn Ósvarar var þannig skipuð frá 14. júlí 1994 til 7. apríl 1995, að formaður var Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, og meðstjórnendur þau Bjarnveig Samúelsdóttir, Daði Guðmundsson, Markús Guðmundsson og Valdemar Guðmundsson. RLR virðist ekki hafa talið ástæðu til að yfirheyra meðstjórnendur um ætluð umboðssvik ákærða Björgvins gagnvart stjórn Ósvarar, en fyrir dóm komu allir stjórnarmenn nema Bjarnveig Samúelsdóttir. Vitnin Daði, Markús og Valdemar báru öll á einn veg um, að ákveðið hefði verið á stjórnarfundum Ósvarar 24. janúar 1995 að leigja aflamark fyrir allt að 30 milljónir króna til að fjármagna fyrirhugaðar breytingar á Dagrúnu, ÍS-9, og viðhalda rekstri félagsins. Þetta hafi komið fram í fyrirspurn stjórnarformanns til framkvæmdastjóra á fundinum, og þar sem enginn hafi mælt því í mót, hafi öll vitnin talið fastmælum bundið, að framkvæmdastjóri myndi hlutast til um leigu á umræddu aflamarki. Vitnið Ólafur Kristjánsson minntist þess ekki, að rætt hefði verið á nefndum stjórnarfundum, að leigja þyrfti aflamark frá Ósvör fyrir allt að 30 milljónir króna. Vitnið kannaðist þó við, að almennar umræður hefðu orðið á fundinum um nauðsyn þess að leigja aflamark til að mæta þeim rekstrarvanda, sem fyrir dyrum stóð, en taldi sem bæjarstjóri, að það bæri að gera í samráði við bæjarstjórn. Vitnið hefði engu að síður borið fullt traust til framkvæmdastjóra og talið eðlilegt, að hann tæki þær ákvarðanir, sem hann teldi nauðsynlegar til að tryggja hag fyrirtækisins.

Niðurstaða.

Vitnin Daði Guðmundsson, Markús Guðmundsson og Valdemar Guðmundsson hafa öll borið við meðferð málsins, að á stjórnarfundum Ósvarar 24. janúar 1995 hafi verið tekin ákvörðun um að leigja aflamark fyrir allt að 30.000.000 króna, og hafi framkvæmdin verið falin ákærða Björgvin. Með framburði vitnanna og gegn eindreginni neitun ákærða Björgvins við rannsókn og meðferð málsins er ósannað, að ákærði hafi með ákvörðun um leigu þess aflamarks, sem ákært er út af í I. kafla B. ákæruskjals 5. desember 1995, misnotað aðstöðu sína sem framkvæmdastjóri Ósvarar og brotið gegn samþykkt stjórnar félagsins 17. mars 1995. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af ætluðu broti gegn 249. gr. almennra hegningarlaga.

Leiga Ósvarar á aflamarki til F. W. Lübberts GmbH & Co.

Ákærði Ari sagði við rannsókn og meðferð málsins, að hann hefði verið á Íslandi haustið 1994 í viðskiptaferð á vegum F. W. Lübberts GmbH & Co. ásamt tveimur öðrum starfsmönnum fyrirtækisins. Þeir hafi meðal annars kynnt sér aðstæður hjá útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækinu Goðaborg hf. á Fáskrúðsfirði, sem sérhæft var í vinnslu karfa, og ákærði rætt við Einar Víglundsson framkvæmdastjóra um hugsanlegt samstarf fyrirtækjanna. Vegna fjárhagsörðugleika Goðaborgar hafi slíkt þó verið óhugsandi að mati ákærða, nema til kæmi aðstoð frá Lübbert, sem fjármagna myndi leigu á aflamarki fyrir Goðaborg. Goðaborg myndi því næst útvega íslensk skip til að veiða þann afla, sem fyrirtækið síðan ynni og seldi Lübbert sem fullunna vöru. Ákærði kvaðst frá upphafi hafa litið svo á, að Goðaborg hefði umráðarétt yfir því aflamarki, sem leigt yrði, og myndi ákveða, hvaða íslensk-um skipum yrði falin sjósókn.

Þýska fyrirtækið hafði á greindum tíma átt nokkur viðskipti við Ósvör fyrir meðalgöngu ákærðu Ara og Kristjáns Jóns. Ákærði Ari hafði sím-asamband við ákærða Kristján Jón frá Þýskalandi nokkrum dögum eftir vélarbilun Dagrúnar, ÍS-9, og falaðist eftir leigu á aflamarki skipsins. Samkvæmt framburði ákærða Kristjáns Jóns hafi ákærði Ari látið í ljós, að sig vantaði aflamarkið fyrir íslenska umbyðendur sína, sem hann tilgreindi ekki frekar. Sjálfur kvað ákærði Ari fyrir sér hafa vakað að útvega Vísi hf. í Grindavík kvóta, m. a. í þorski, í skiptum fyrir karfakvóta, sem þaðan yrði færður til Goðaborgar. Af samhljóða framburði ákærðu Ara og Kristjáns Jóns og framburði ákærða Björgvins verður ráðið, að samningar hafi náðst í janúarlok eða febrúarbyrjun um leigu á 660 tonna aflamarki frá Ósvör, sem þýska fyrirtækið greiddi fyrir samtals 21.762.064 kr. með millifærslum 2. mars og 7. apríl 1995 inn á hlaupareikning Ósvarar í Sparisjóði Bolungarvíkur. Þegar greiðslur höfðu borist í samræmi við hið leigða aflamark, hefði

ákærði Kristján Jón útfyllt umsókn um staðfestingu Fiskistofu á kvótatilfærslunni, dagsett hana 6. apríl 1995 og samkvæmt fyrirmælum ákærða Ara tilgreint þar Bessa, ÍS-410, sem viðtakanda aflamarksins. Þar með hafi umræddum viðskiptum Ósvarar og Lübberts verið lokið.

Ákærðu Ari, Björgvin og Kristján Jón báru allir á sama veg um, að ekki hefði þótt ástæða til að flytja hið leigða aflamark frá Dagrúnu, ÍS-9, fyrr en í apríl 1995. Þá hefðu hins vegar staðið fyrir dyrum breytingar á yfirstjórn Ósvarar og staða ákærðu Björgvins og Kristjáns Jóns verið orðin ótrygg. Því hefði verið ákveðið að ljúka efndum þeirra munnlegu samninga, sem þeir höfðu stofnað til. Ákærðu kváðust aldrei hafa leitt hugann að því, að umrædd viðskipti gætu verið ólögmat, fyrr en eftir að rannsókn málsins hófst. Þeir neituðu allir sakargiftum á hendur sér.

Niðurstöður.

Ákærða Kristjáni Jóni er í II. kafla B. ákæru 5. desember 1995 gefið að sök að hafa í ársbyrjun 1995 komið á því samningssambandi milli Ósvarar og fyrirtækisins Lübbert, sem að framan er lýst, með beinni meðalgöngu milli aðilanna. Sú háttsemi er í V. kafla ákæru talin varða aðallega við 19. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og 12. gr. laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, en til vara við sömu lagagreinum, sbr. ákvæði 22. gr. almennra hegningarlaga. Í tilvitnaðri 19. gr. segir svo:

„Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.“

Tilvitnuð 12. gr. er svohljóðandi:

„Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.“

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal í ákæru greina, hvert brotið sé, sem ákært er út af, og heimfærslu þess til laga. Samkvæmt 1. mgr. 117. gr. má hvorki dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæru greinir, né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Rétt er þó að dæma áfall á hendur ákærða, þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari, að vörn hafi ekki verið áfátt vegna þess. Getur dómari gefið ákæranda og verjanda færi á að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Dómara er og rétt með sömu skilyrðum að dæma eftir öðrum refsíákvæðum en í ákæru segir, þó aldrei aðrar kröfur en þar greinir.

Ákæruskjal skal gera þannig úr garði, að ákærði og verjandi hans fari ekki í graf götur um, fyrir hvaða brot ákært sé, sbr. 116. og 117. gr. síðastgreindra laga. Í II. kafla B. og V. kafla ákæruskjals 5. desember 1995 kemur hvergi fram það eða þau lagaákvæði, sem ætlað brot ákærða Kristjáns Jóns er talið varða við. Var slíkt þó rétt og skylt af hálfu ákæruvalds. Tilvísun í ákæruskjalinu til almennra viðurlagaákvæða laga nr. 38/1990 og laga nr. 34/1991 eru allsendis ófullnægjandi. Samkvæmt framanrituðu þykir greindur málatilbúnaður á hendur ákærða því vera með slíkum annmörkum, að efnisdómur verði ekki lagður á málið. Ber því að vísa II. kafla B. ákærunnar frá dómi.

Í seinni hluta I. kafla A. ákæru 5. desember 1995 er ákærða Björgvin gefið að sök að hafa sem framkvæmdastjóri Ósvarar ráðstafað með ólögmætum hætti opinberu leyfi til fiskveiða og með þeim hætti gert hinu þýska fyrirtæki kleift að hagnýta sér fiskveiðiréttindi í íslenskri fiskveiðilandhelgi með þeim hætti, sem þar er nánar rakinn.

Í V. kafla ákæru er ætluð háttsemi aðallega talin varða við 19. gr. laga nr. 38/1990 og 12. gr. laga nr. 34/1991, en til vara við sömu lagagreinum, sbr. hlutdeildarákvæði almennra hegningarlaga. Heimfærsla þessi til lagaákvæða er með sömu annmörkum og lýst er hér að framan um II. kafla B. ákærunnar. Ber því með sömu röksemdum og þar koma fram að vísa frá dómi greindu sakarefni á hendur ákærða Björgvin.

Gegn eindreginni neitun ákærða Björgvins, sem er í samræmi við framburð ákærða Kristjáns Jóns og önnur gögn málsins, er ósannað, að ákærði Björgvin hafi komið nærri gerð nefndrar umsóknar til Fiskistofu frá 6. apríl 1995 og tilgreiningunni þar á Bessa, ÍS-410, sem viðtakanda umrædds aflamarks. Er því ósannað, að hann hafi gerst brotlegur við ákvæði 158., 146. eða 147. gr. almennra hegningarlaga, svo sem honum er gefið að sök í fyrri hluta I. kafla A., sbr. V. kafla ákæruskjals 5. desember 1995. Ber því að sýkna ákærða af þeim brotum.

Í 1. tölulið i. f. I. kafla ákæru 20. febrúar 1996 er ákærða Ara gefið að sök að hafa sem miðlari fyrir þýska fyrirtækið Lübbert fengið fyrirsvarsmenn Ósvarar til að sækja um staðfestingu Fiskistofu á yfirfærslu á 660 tonna aflamarki, eins og um væri að ræða löglegan flutning aflamarks í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða. Ákærði Björgvin var hér að framan sýknaður af brotum þessum. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða Ara af hlutdeild í sömu brotum.

Geymsla aflamarks á Bessa, ÍS-410, og tilfærsla á önnur skip.

Samkvæmt umsókn Ósvarar 6. apríl 1995 um staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflamarks milli skipa var samtals 660 tonna aflamark flutt frá

Dagrúnu, ÍS-9, til Bessa, ÍS-410. Önnur gögn málsins staðfesta, að þangað hafi aflamarkið verið flutt. Áður er rakið, hversu skammur aðdragandi hafi verið að flutningi þess og að það hefði mátt rekja til óvissu um framtíð ákærðu Björgvins og Kristjáns Jóns hjá Ösvör. Ákærði Ari sagði, að til hefði staðið að flytja aflamarkið beint yfir á skip Vísis í Grindavík, en þegar til kom, hefði hann ekki náð sambandi við Pétur Hafstein Pálsson, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Ákærði hefði því haft samband við ákærða Ingimar, sem hann þekkti vegna annarra viðskipta, og beðið hann um geymslu aflamarksins um stundarsakir. Að fengnu samþykki hans hafi ákærði Ari óskað eftir því við ákærða Kristján Jón, að hann tilgreindi Bessa sem viðtakanda aflamarksins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að tengsl hafi verið á milli ákærðu Kristjáns Jóns og Ingimars vegna þessarar kvótatilfærslu.

Ákærði Ingimar kvaðst aðallega hafa verið að gera ákærða Ara persónulegan greiða með geymslu aflamarksins, sem síðan hefði átt að flytja yfir á önnur íslensk skip. Nafn Lübberts hafi ekki borið á góma, en ákærði hafi á greindum tíma vitað, að ákærði Ari væri starfsmaður þess fyrirtækis. Eftir fyrirmælum hans hafi ákærði síðan flutt 500 tonna aflamark frá Bessa til annars skips í eigu sömu útgerðar, Haffara, ÍS-430, og þaðan yfir á skip Vísis í Grindavík, Hrungni, GK-50. Framkvæmdastjóra þess fyrirtækis hafi ekki verið tilkynnt um flutninginn fyrir fram. Ákærði Ingimar dró ekki dul á, að hann hefði annast gerð umsókna vegna greindra kvótatilfærslna og tilkynningu þeirra til Fiskistofu, eins og rakið er í III. kafla ákæru 5. desember 1995. Hann kvaðst við ritun umsóknanna hafa notast við stöðluð eyðublöð frá Fiskistofu og fært inn á þau allar þær upplýsingar, sem Fiskistofa þurfti að fá til að staðfesta flutning aflamarksins. Um hafi verið að ræða íslensk skip, og upplýsingar hafi allar verið efnislega réttar og sannleikanum samkvæmar.

Ákærðu Ari og Ingimar töldu sig ekki vera að fremja lögbrot með greindum aflamarksflutningi.

Vitnið Björn Jónsson hjá Aflamiðlun LÍÚ bar fyrir dómi, að mjög algengt væri, að útgerðir settu aflamark í svokallaða geymslu. Kvóti væri þá geymdur á tilteknu skipi í þeim tilgangi að nota hann síðar. Því hagnýttu útgerðir sér þennan möguleika til að bjarga heimildum, sem hætta væri á, að myndu annars falla niður.

Niðurstöður.

Ákærða Ingimar er í III. kafla ákæru 5. desember 1995 gefið að sök að hafa sem framkvæmdastjóri Álftfirðings og Frosta í Súðavík tekið að sér fyrir Lübbert að „geyma“ á Bessa 500 tonn af því aflamarki, sem Álftfirð-

ingur fékk yfirfært frá Dagrúnu, ÍS-9, 6. apríl 1995, og síðan ráðstafað því eftir fyrirætlunum hins þýska félags, allt í því skyni að dylja brot þess á ákvæðum laga nr. 34/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1922, sbr. 2. gr. laga nr. 13/1992. Jafnframt er ákærða gefið að sök í III. kafla ákæru að hafa gefið efnislega rangar umsóknir um flutning á aflamarkinu, fyrst með flutningi frá Bessa til Haffara, ÍS-430, og síðan frá því skipi til Hrunnis, GK-50. Framangreind háttsemi ákærða Ingimars er í V. kafla nefnds ákæruskjals talin varða aðallega við 12. gr. laga nr. 34/1991, en til vara við sömu lagagrein, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, svo og aðallega við 158. gr. hegningarlaga, en til vara við 146. eða 147. gr. sömu laga.

Áður er rakið, að heimfærsla ákærvalds til viðurlagaákvæðis sérreftslaga nr. 34/1991 fullnægi ekki þeim lágmarkskröfum, sem gera verði til skýrleika ákæruskjals, sbr. 116. og 117. gr. laga um meðferð opinberra mála. Með sömu rökum og áður eru fram kominn verður að telja þennan málatilbúnað á hendur ákærða Ingimar með slíkum annmörkum, að efnisdómur verði ekki lagður á málið að þessu leyti. Ber því að vísa þessum hluta III. kafla ákæru frá dómi.

Af hálfu ákærvalds hafa engar sönnur verið færðar fram því til stuðnings, að tilkynningar þær til Fiskistofu, sem frá ákærða Ingimar stöfuðu, hafi verið efnislega rangar eða varði með öðrum hætti við lög. Gegn eindreginni neitun ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins og samrýmist einnig framburði ákærða Ara, ber því að sýkna hann af broti gegn 158. gr., 146. gr. og 147. gr. almennra hegningarlaga. Með sömu rökum ber að sýkna ákærða Ara af hlutdeild í þeim brotum, en verknáðarlýsing 2. töluliðar I. kafla ákæru 20. febrúar 1996 verður vart skilin öðruvísi en svo, að ákærða Ara sé þar gefin að sök hlutdeild í ætluðu broti ákærða Ingimars.

Ósannað er, að tímabundin geymsla aflamarks á skipi, sem síðan er fært á önnur skip, eitt eða fleiri, til geymslu eða nota, sé andstæð 4. gr., 5. gr. eða 7. gr. laga nr. 38/1990, 1. gr., 2. gr. eða 1., 6. eða 8. tölulið 4. gr. laga nr. 34/1991 eða 2. gr. laga nr. 13/1992. Verður ekki heldur ráðið af öðrum ákvæðum tilvitnaðra laga, að slík geymsla sé lýst ólögmat og refsiverð. Ber því að sýkna ákærða Ara af seinni hluta 1. töluliðar I. kafla ákæru 20. febrúar 1996.

Ætluð brot ákærða Ara gegn lögum nr. 38/1990, lögum nr. 34/1991 og lögum nr. 13/1992.

Áður er rakinn framburður ákærða Ara um það, hvernig hann hafi haft meðalgöngu um, að fyrirtækið Lübbert í Þýskalandi fjármagnaði leigu á aflamarki fyrir Goðaborg hf. á Fáskrúðsfirði í því skyni, að Goðaborg gæti staðið við gerða samninga við Lübbert um sölu á fullunnum karfa til Þýska-

lands. Samkvæmt framburði hans mun hann með leigu umrædds aflamarks frá Ósvör hafa ætlað sér að útvega Vísi hf. í Grindavík þorskkvóta o. fl. í skiptum fyrir karfakvóta, sem þaðan yrði færður til Goðaborgar. Að baki því hafi legið fyrrgreindur samningur um fjármögnun milli Lübberts og Goðaborgar, en jafnframt einhvers konar samningur milli Lübberts og Vísis, sem grundvallaðist á því, að Vísir fengi þorskkvóta fyrir meðalgöngu Lübberts í skiptum fyrir karfakvóta, sem færast myndi til frjálsrar ráðstöfunar fyrir Goðaborg. Samkvæmt framburði ákærða og framkvæmdastjóra Goðaborgar, Einars Víglundssonar, og framkvæmdastjóra Vísis, Péturs Hafsteins Pálssonar, bendir ekkert til þess, að fyrirsvarsmönnum Ósvarar hafi mátt vera kunnugt um þennan aðdraganda að leigu aflamarksins.

Ákærði Ari kvað umrætt 500 tonna aflamark hafa verið flutt frá Vestfjörðum, svo sem rakið hefur verið, yfir á skip í eigu Vísis fyrir meðalgöngu sína. Ráðstöfun á aflamarkinu upp frá því hafi hins vegar ekki verið í höndum ákærða eða Lübberts, heldur leigutakans sjálfs, Goðaborgar, sem ráðið hafi því, hvenær og á hvaða skip karfakvótinn yrði fluttur í þágu Goðaborgar. Ákærði kannaðist því ekki við að hafa samið við útgerðir skipa um nefndar karfaveiðar gegn greiðslu á 31 krónu fyrir hvert kíló, svo sem honum er gefið að sök í síðari hluta 2. töluliðar I. kafla ákæru 20. febrúar 1996. Samningar hafi hins vegar tekist milli Goðaborgar og Gunnarstinds hf. á Stöðvarfirði um veiði á karfanum fyrir 31 krónu hvert kíló. Goðaborg hafi ekki getað staðið við greiðslur samkvæmt þeim samningi sökum fjárhagsörðugleika, og því hafi ákærði tekið að sér að ábyrgjast efndir samningsins með greiðslum til Gunnarstinds af eigin bankareikningi á Íslandi, sem Lübbert hafi greitt inn á í því skyni. Þá kannaðist ákærði ekki heldur við að hafa samið við framkvæmdastjóra Goðaborgar um vinnslu á karfanum fyrir um 100 krónur hvert kíló, svo sem honum er gefið að sök í 3. tölulið I. kafla nefndrar ákæru. Lübbert hafi þar aðeins fjármagnað fyrir fram leigu á aflamarki fyrir Goðaborg gegn loforði um sölu á fullunnum sjávarafurðum til hins þýska fyrirtækis. Því til stuðnings benti ákærði á, að Goðaborg hefði veðsett afurðirnar að fullu eftir vinnslu og þær greiðslur runnið til þess fyrirtækis til frjálsrar ráðstöfunar. Eftir hafi staðið, að Goðaborg skuldaði Lübbert vegna fjármögnunar á aflamarki, og skyldi það endurgreitt með sölu til Lübberts á fullunnum karfa.

Vitnið Pétur Hafsteinn Pálsson bar, að Vísir hf. hefði fyrir meðalgöngu ákærða Ara fengið umrætt 500 tonna aflamark frá Goðaborg hf. og greitt fyrir það bæði með kvótatilfærslum til Goðaborgar og beinum peningagreiðslum. Hluta kvótans hafi Vísir ekki getað hagnýtt sér, og hafi þá annaðhvort fyrirsvarsmenn Goðaborgar eða ákærði Ari bent honum á að

afhenda þann afgangskvóta Samherja hf. á Akureyri. Vitnið kvaðst ekki vita, hvaða samningar hefðu legið að baki milli ákærða og Goðaborgar. Framkvæmdastjóri Goðaborgar hefði hins vegar tilkynnt vitninu hverju sinni, á hvaða skip bæri að flytja karfakvótann og í hvaða magni. Ákærði Ari hefði hvergi komið þar nærri.

Vitnið Einar Víglundsson kvað rétt hjá ákærða Ara, að aðdraganda að viðskiptum Lübberts og Goðaborgar mætti rekja til ferðar ákærða um Austfirði í október eða nóvember 1994. Síðan hefði það verið í mars 1995, að ákærði hefði tjáð vitninu, að Lübbert væri búinn að finna og fjármagna áður umsamið aflamark, sem nýta mætti til veiða á þeim karfa, sem Goðaborg hefði tekist á hendur að vinna og selja hinu þýska fyrirtæki. Vitnið dró þó ýmist úr eða í, hvort um fjármögnun hefði verið að ræða af hálfu Lübberts, en bar, að greiðslur til Goðaborgar hefðu átt að nema markaðsverði í Þýskalandi að frádregnu gangverði á aflamarki miðað við upplýsingar frá LÍÚ. Fyrirliggjandi reikningar báru og með sér, að Lübbert hefði verið að kaupa fiskafurðir af Goðaborg. Vitnið hélt því engu að síður fram, að Goðaborg hefði aldrei eignast eða með öðrum hætti haft ráðstöfunarrétt yfir hinu leigða aflamarki. Ákærði Ari hefði mælt svo fyrir, að vitnið skyldi útvega skip til að veiða aflann, en síðan hefði vitnið átt að ræða við framkvæmdastjóra Vísis og biðja hann að flytja kvótann yfir á viðkomandi skip. Vitnið kannaðist ekki við, að samið hefði verið um greiðslu á um 100 krónum fyrir hvert kíló í vinnslu, en það hins vegar verið nálægt þeirri fjárhæð, sem Goðaborg fékk í sinn hlut, að frádregnum kostnaði vegna aflamarksins. Vitnið kvað ákærða Ara hafa samið beint við Gunnarstind á Stöðvarfirði um veiðar á aflamarki gegn greiðslu á 31 krónu fyrir hvert kíló, en vegna virðisaukaskattskerfisins hefðu allir reikningar vegna þeirra viðskipta verið stílaðir á Goðaborg. Þá hefði ákærði ákveðið að skipta við fyrirtækið RC & Co. í Reykjavík í tengslum við útflutning vörunnar, en þannig hefði hann ætlað sér að spara kostnað vegna milliliða, s. s. Fisco, sem yfirleitt annaðist útflutning á afurðum Goðaborgar.

Vitnið Jónas Þór Ragnarsson, framkvæmdastjóri Gunnarstinds hf., bar, að þegar það kom til starfa hjá fyrirtækinu, hefði verið búinn að semja um, að Kambaröst, SU-200, veiddi karfa fyrir Goðaborg og legði aflann upp á Fáskrúðsfirði. Vitnið hefði ekki vitað, hver átti aflamarkið, en útgerðin ýmist hringt í Einar Víglundsson eða ákærða Ara, þegar flytja þurfti kvóta yfir á Kambaröst. Gunnarstindur hefði fengið 31 krónu í sinn hlut fyrir hvert veitt kíló og þær greiðslur í fyrstu borist frá Goðaborg. Eftir að greiðslur hættu að berast, hefði verið haft samband við ákærða Ara og hann tvívegis tryggt efndir á samningum gagnvart Gunnarstindi með greiðslum um

Búnaðarbankann á Akranesi. Samkvæmt þeim greiðsluseðlum hefði ákærði lagt út fyrir þóknun Gunnarstinds í annað skiptið, en í hitt hefði greiðslan verið frá Lübbert. Vitnið taldi ljóst, að karfinn hefði verið veiddur fyrir Goðaborg, og því hefðu allir reikningar vegna veiðanna verið stílaðir á það fyrirtæki.

Vitnið Ævar Ármannsson, stjórnarmaður í Gunnarstindi, bar, að fyrirtækið hefði átt samstarf við Goðaborg um veiðar á karfa fyrstu mánuði ársins 1995, sem greitt hefði 31 krónu fyrir hvert kíló. Vitnið hefði ekki vitað, hver átti aflamarkið, en taldi það vera frá mörgum aðilum komið. Allar tilfærslur aflamarks yfir á Kambaröst hefðu hins vegar farið fram um Goðaborg. Þá bar vitnið, að eftir áðurgreint ferðalag ákærða Ara um Austfirði haustið 1994 hefðu fyrirsvarsmenn Gunnarstinds farið til Þýskalands og átt viðræður við Lübbert. Eftir það hefðu veiðarnar hafist.

Niðurstöður.

Ákærðu Björgvin og Kristján Jón hafa báðir staðhæft, að ákærði Ari hafi fyrir hönd F. W. Lübberts í janúar eða febrúar 1995 keypt 660 tonn af aflamarki Dagrúnar, ÍS-9, og Lübbert lagt greiðslur fyrir það, að fjárhæð 21.762.064 krónur, inn á reikning Ósvarar 2. mars og 7. apríl 1995. Greiðsluseðlar vegna þeirra greiðslna liggja frammi í málinu, og upplýst er, að þær voru tekjufærðar í bókhaldi Ósvarar. Svo sem að framan er rakið, hefur ákærði Ari hvorki kannast við, að hann hafi keypt aflaheimildirnar, né að hann hafi samið við útgerðir skipa um fyrrnefndar karfaveiðar. Lübbert hafi hins vegar ábyrgst samninga milli fiskvinnslufyrirtækisins Goðaborgar á Fáskrúðsfirði og Gunnarstinds á Stöðvarfirði um veiðar á karfanum vegna fjárhagsörðugleika Goðaborgar. Lübbert hafi því aðeins fjármagnað leigu á aflamarkinu fyrir Goðaborg, enda hafi Goðaborg veðsett afurðirnar að vinnslu lokinni og þær greiðslur runnið til fyrirtækisins. Skuld Goðaborgar skyldi endurgreiða með sölu fullunnins karfa til Lübberts. Í framburði vitnisins Einars Víglundssonar kemur fram, að Goðaborg hafi ekki haft ráðstöfunarrétt yfir aflamarkinu, heldur ákærði Ari, sem hafi samið beint við Gunnarstind um veiðar á aflamarki gegn tiltekinni greiðslu fyrir hvert kíló. Þá er fram komið, að leiga aflamarksins var ekki tekjufærð í bókhaldi Goðaborgar, enda runnu greiðslurnar 2. mars og 7. apríl 1995 fyrir aflamarkið milliliðalaust til Ósvarar.

Fram er komið í málinu, að skip Gunnarstinds, Kambaröst, veiddi þann kvóta, sem hér um ræðir, og vitnið Jónas Þór Ragnarsson, framkvæmdastjóri Gunnarstinds, hefur borið, að ýmist hafi verið haft samband við fyrirsvarsmenn Goðaborgar eða ákærða Ara, þegar flytja þurfti kvótann yfir á Kambaröstina. Greiðslur fyrir aflann hafi í fyrstu komið frá Goðaborg, en þegar vanskil hafi orðið, hafi ákærði Ari greitt, ýmist persónulega eða ásamt Lübbert.

Af því, sem að framan er rakið, telur dómurinn sannað, að ákærði Ari hafi keypt framanlýst aflamark í nafni hins þýska fyrirtækis af Ósvör hf. í Bolungarvík og greitt fyrir það, eins og lýst er í 1. tölulið I. kafla ákæru 20. febrúar 1996. Enn fremur telur dómurinn sannað með vísan til þess, sem að ofan greinir, að ákærði hafi samið við framangreind fyrirtæki um að skipta aflamarkinu yfir í karfa og ráðstafað því með samningum til skipa, er síðan hafi veitt það gegn greiðslu, eins og lýst er í 2. tölulið framangreinds kafla. Loks telur dómurinn sannað á sama hátt, að ákærði hafi samið við framkvæmdastjóra Goðaborgar um vinnslu á karfanum gegn greiðslu, eins og lýst er í 3. tölulið nefnds kafla. Verður í ljósi þessa ekki fallist á þá viðbáru ákærða, að um fyrir fram fjármögnun kaupa á fullunnum afurðum hafi verið að ræða.

Ákærði er íslenskur ríkisborgari, en á lögheimili í Þýskalandi og átti það á þeim tíma, sem hér um ræðir. Hann telst því erlendur aðili í skilningi 2. gr. laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Í 1. tl. 4. gr. nefndra laga segir, að íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eigi hérlandi, megi einir stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þar er og vísað til 2. gr. laga nr. 13/1992 um rétt til að veiða í efnahagslögsögu Íslands, sem bannar öðrum en íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum fiskveiðar í efnahagslögsögunni.

Ákærði keypti aflamark og samdi um veiðar samkvæmt því, eins og lýst var hér að framan. Dómurinn lítur svo á, að með þeirri háttsemi hafi ákærði stundað fiskveiðar í skilningi 1. tl. 4. gr. laga nr. 34/1991 og 2. gr. laga nr. 13/1992 og brotið með því gegn ákvæðum þeirra. Ákvæði þessi tæma sök gagnvart öðrum ákvæðum þessara laga, sem vísað er til í I. kafla ákæru 20. febrúar 1996. Ákvæði laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sem vísað er til í nefndum kafla, þykja ekki eiga við um háttsemi ákærða, og rétt er að geta þess, að lög nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi voru felld úr gildi með 7. gr. laga nr. 13/1992.

Ætluð brot ákærðu Ara og Reimars gegn bókhaldslögum og almennum hegningarlögum.

Fram er komið, að Goðaborg á Fáskrúðsfirði seldi þýska fyrirtækinu Lübbert rúmlega 47 tonn af fullunnum fiski. Þeir reikningar frá RC & Co. hf. í Reykjavík til Lübberts, dagsettir 29. mars, 8. maí og 24. maí 1995, með reikningsnúmerunum 115, 116 og 117 voru útbúnir vegna útflutningsins. Er reikningunum réttilega lýst í IV. kafla ákæru frá desember 1995 og II. kafla ákæru 20. febrúar 1996.

Ákærði Ari fól ákærða Reimari að útbúa umrædda reikninga og önnur skjöl vegna útflutningsins, og greiddi Lübbert ákærða Reimari 100 þýsk mörk í þóknun fyrir skjalagerð vegna hvers gáms. Ákærði Reimar kvað

ákærða Ara fyrst hafa leitað til sín vegna þessa í mars 1995, en þá hafi fyrsti gámurinn af þremur þegar verið kominn um borð í skip, án þess að búið væri að ganga frá tilheyrandi skjölum. Ákærði Ari hafi því lagt áherslu á, að öll skjalagerð gengi hratt. Ákærði Reimar hafi því sama dag leitað eftir upplýsingum frá Goðaborg um magn, einingaverð og heildarverð. Jafnframt hafi hann kannað, hvort íslensk tollyfirvöld myndu gera athugasemdir við þá reikninga, sem hann gæti útbúið til bráðabirgða til þess að koma vörunni úr landi og í tollvöruheymslu í Þýskalandi. Hann hafi síðan sent ákærða Ara uppkast að reikningi fyrir fyrstu sendinguna, þar sem fram kom, að reikningurinn væri til bráðabirgða. Ákærði Ari hafi þá sagt sér, að slíkt gengi ekki gagnvart þýskum tollyfirvöldum, heldur yrði viðkomandi reikningur að vera tölusettur á sérstökum reikningshaus og bera með sér, að hann væri endanlegur, þótt honum yrði síðar skipt út, þegar raunverulegur reikningur bærst frá Goðaborg. Jafnframt hafi ákærði Ari í símbréfi látið fylgja aðrar þær upplýsingar, sem koma þyrftu fram á skjölunum, til þess að þarlend yfirvöld tækju þau gild. Umrætt símbréf liggur frammi í málinu. Ákærði Reimar kvaðst því hafa útbúið í tölvu reikningseyðublað í einriti og gefið því númerið 115, óháð eigin reikningakerfi RC & Co. Reikningurinn hefði því aldrei verið færður í bókhald fyrirtækisins, enda ekki til þess ætlast, þar sem aðeins hefði verið um að ræða skjalagerð fyrir ákærða Ara gegn greiðslu fyrrgreindrar þóknunar. Sú þóknun hefði hins vegar verið tekjufærð í bókhaldi RC & Co. Samkvæmt fyrirmælum ákærða Ara hefði ákærði Reimar síðan framvísað viðkomandi reikningi ásamt tollskýrslu, heilbrigðisvottorði o. fl. hjá íslenskum tollyfirvöldum 30. mars 1995. Ákærði kvaðst hafa staðið eins að málum í maí 1995, er ákærði Ari bað hann að annast skjalagerð vegna útflutnings á tveimur öðrum gámum til Lübberts í Þýskalandi.

Ákærði Ari skýrði svo frá, að dráttur hefði orðið á afgreiðslu reikninga og útflutningsskýrslna af hálfu Goðaborgar og hann því leitað til ákærða Reimars. Ákærði kvaðst ekki hafa gefið ákærða Reimari nein fyrirmæli um, hvernig haga skyldi gerð reikninganna þriggja. Hann þvertók þó ekki fyrir að hafa látið í ljós, að vegna tollyfirvalda í Þýskalandi mættu reikningarnir ekki bera með sér, að þeir væru í raun pro forma eða til bráðabirgða og yrði skipt út síðar, þegar raunverulegir reikningar bærust frá Goðaborg. Ákærði taldi ekki skipta höfuðmáli, þótt nafns Goðaborgar væri hvergi getið á bráðabirgðareikningunum, enda hefði komið nægilega fram í ýmsum fylgiskjölum, svo sem heilbrigðisvottorðum, hver framleiðandi vörunnar væri. Ákærði kvað allar upplýsingar, sem fram koma á viðkomandi reikningum, réttar og í samræmi við þá reikninga, sem Goðaborg útbjó síðar og sendi Lübbert vegna viðskiptanna.

Vitnin Einar Víglundsson framkvæmdastjóri og Sigurður Vilhjálmsson,

starfsmaður og stjórnarmaður hjá Goðaborg, báru, að ekki hefði staðið til að endurúttefa reikninga vegna sölunnar til Lübberts, enda hefði fyrirtækinu RC & Co. verið falin reikningsgerð og frágangur skjala vegna viðskiptanna. Síðla sumars 1995 eða það haust hafi ákærðu Ari og Reimar hins vegar farið þess á leit, að Goðaborg gæfi út nýja reikninga til samræmis við hina eldri og með sömu númerum, þ. e. 115, 116 og 117.

Niðurstöður.

Ákærði Reimar hefur viðurkennt við rannsókn og meðferð málsins að hafa staðið að gerð þeirra þriggja reikninga, sem tilgreindir eru í IV. kafla ákæru 5. desember 1995, þannig, að þeir báru með sér, að um væri að ræða sölu fiskafurða frá RC & Co. til Lübberts. Upplýst er, að reikningarnir áttu enga stoð í viðskiptum þessara aðila, heldur lágu þar að baki framangreind viðskipti Goðaborgar og Lübberts. Með hliðsjón af framburði ákærða, sem stoð fær í framburði ákærða Ara og er í samræmi við reikninga nr. 115, 116 og 117, telst sannað, að ákærði Reimar hafi með gerð þeirra gerst brotlegur við 3. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr. laga um bókhald nr. 145/1994, sbr. lög nr. 37/1995 um breyting á þeim lögum, sbr. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 39/1995. Verður ákærða refsað fyrir greinda háttsemi, þótt heimfærsla til refsíákvæða í ákæru sé ónákvæm, enda var málið reifað með hliðsjón af þessu og vörn ákærða því ekki áfátt af þeim sökum. Það athugast, að eins og á stóð, var ákærða Reimari rétt og skylt að halda reikningunum utan reikningakerfis RC & Co. og tekjufæra þá ekki í bókhaldi félagsins. Verður hann því ekki sakfelldur fyrir þessa háttsemi.

Í 39. gr. nefndra bókhaldslaga er sérstaklega kveðið á um, að hlutdeild í brotum gegn 37. gr. laganna sé ekki refsiverð. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða Ara af hlutdeild í broti ákærða Reimars, svo sem honum er gefið að sök í II. kafla ákæru 20. febrúar 1996.

Með hliðsjón af samhljóða framburði ákærðu Ara og Reimars og öðru því, sem að framan er rakið, er sannað, að ákærði Ari fékk ákærða Reimar til að útbúa útflutningsskýrslur í samræmi við hina efnislega röngu reikninga og framvísa þeim hjá íslenskum tollýfirvöldum, eins og rakið er í IV. kafla i. f. ákæru 5. desember 1995 og II. kafla ákæru 20. febrúar 1996. Útflutningsskýrslurnar voru rangar, og braut ákærði Reimar þannig gegn 146. gr. almennra hegningarlaga. Framangreind þátttaka ákærða Ara í brotinu, sem réttilega er lýst í II. kafla ákæru 20. febrúar 1996, þykir varða við sömu lagagrein, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingar.

Ákærði Kristján Jón er sakfelldur fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar ber annars vegar að

líta til þess, að ákærði falsaði þrívegis opinber skjöl. Á hinn bóginn þykir mega horfa til þess, að brot ákærða voru ekki framin í hagnaðarskyni, svo og þess, að hann hefur ekki áður gerst brotlegur við hegningarlög. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi fjóra mánuði, en fullnustu hennar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá dómshirtingu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Reimar er sakfelldur fyrir brot gegn 146. gr. almennra hegningarlaga og 37. gr., sbr. 36. gr. bókhaldslaga og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60 daga varðhald. Þar sem ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur við hegningarlög, þykir þó mega ákveða að fresta fullnustu refsingarinnar, þannig, að hún falli niður að liðnum tveimur árum frá dómshirtingu, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ari er sakfelldur fyrir hlutdeild í broti gegn 146. gr. almennra hegningarlaga og brot gegn 1. tl. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. 2. gr. laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60 daga varðhald auk 2.000.000 króna sektar í ríkissjóð. Þar sem ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur við hegningarlög, þykir mega ákveða að fresta varðhaldsrefsingunni í tvö ár frá dómshirtingu. Skal hún falla niður að þeim tíma liðnum, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Greiði ákærði ekki sektina innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, skal hún afplánast með fjögurra mánaða varðhaldi.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 165. og 166. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að greiða úr ríkissjóði málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Björgvins, Jóhanns Halldórssonar héraðsdómslögmanns, 350.000 krónur, og skipaðs verjanda ákærða Ingimars, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur. Þá ber að dæma ákærða Kristján Jón til að greiða 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Björns L. Bergssonar héraðsdómslögmanns, 350.000 krónur, og ákærða Ara til að greiða 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns, 350.000 krónur, en 1/3 hluti málsvarnarlauna verjendanna greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Reimar skal greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Björns-sonar héraðsdómslögmanns, 250.000 krónur. Enn fremur greiði ákærðu Kristján Jón, Reimar og Ari óskipt 150.000 króna saksóknarlaun í ríkissjóð. Annan sakarkostnað greiði ákærðu Kristján Jón, Reimar og Ari að 1/3 hluta, en 2/3 hlutar skulu greiddir úr ríkissjóði.

Það athugast, að vegna umfangs málsins, óvenjumikilla embættisanna dómsformanns og páskaleyfa hefur uppkvaðning dómsins dregist nokkuð.

D ó m s o r ð:

Framangreindum ákæruatriðum er vísað frá dómi. Ákærðu Björgvin og Ingimar skulu að öðru leyti vera sýknir af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði Kristján Jón Guðmundsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Reimar Charlesson sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði Ari Halldórsson sæti varðhaldi í 60 daga.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærðu Reimars og Ara, og falli hún niður að liðnum 2 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ari greiði 2.000.000 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 4 mánuði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Björgvins, Jóhanns Halldórssonar héraðsdómslögmanns, 350.000 krónur, og skipaðs verjanda ákærða Ingimars, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Ákærði Kristján Jón greiði að 2/3 hlutum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns L. Bergssonar héraðsdómslögmanns, 350.000 krónur, en 1/3 hluti málsvarnarlaunanna greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Ari greiði að 2/3 hlutum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns, 350.000 krónur, en 1/3 hluti málsvarnarlaunanna greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Reimar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Björnssonar héraðsdómslögmanns, 250.000 krónur.

Ákærðu Kristján Jón, Reimar og Ari greiði óskipt 150.000 króna saksóknarlaun í ríkissjóð.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu Kristján Jón, Reimar og Ari að 1/3 hluta, en 2/3 hlutar skulu greiddir úr ríkissjóði.